



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða  
bt. Heimir Snær Guðmundsson,,  
Laugavegi 77  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2020  
Tilvísun: 2020010379/0.6.1

## Efni: Svar vegna fyrirspurnar íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um eftirlit með hávaða í miðborginni

*Með hvaða hætti eru samskipti lögreglu og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og kemur lögreglan upplýsingum um kvartanir vegna hávaða til heilbrigðiseftirlitsins?*

Samskipti HER og lögreglu vegna hávaðamála hafa ekki verið mikil, það hefur helst verið í tengslum við stórtónleika og stærri viðburði.

Við rannsókn mála vegna ónædis og hávaða vegna starfsemi veitingastaða hefur HER leitað eftir upplýsingum frá lögreglu um fjölda skráðra kvartana og fjölda kvartana sem lögreglan hefur staðfest.

Lögreglan hefur ekki haft frumkvæði að því að koma slíkum upplýsingum til HER.

### *Hvar hafa mælar verið notaðir?*

Mælar hafa verið settir upp til að fylgjast með hljóðstigi á 9 krám og skemmtistöðum í miðbæ Reykjavíkur, bæði í Kvosinni og upp með Laugavegi. Þá hafa mælarnir verið notaði á 7 útihátíðum í Reykjavík.

### *Hvað kom út úr mælingum?*

Ekki var gerð athugasemd við hljóðstigið á 5 stöðum. Gerðar voru athugasemdir við bæði hljóðstig og tímalengd skemmtanahalds á 4 stöðum.

### *Eru dæmi um að veitingastaðir hafi verið sviptir leyfi eða þeir ekki fengið endurnýjun vegna ítrekaðra brota 4. greinar lögreglusamþykktar?*

HER er ekki kunnugt um dæmi þess að veitingastaðir hafi verið sviptir leyfi eða þeir ekki fengið endurnýjun vegna ítrekaðra brota 4. greinar lögreglusamþykktar, enda er það lögreglu að framfylgja ákvæðum lögreglusamþykktar. Þessi fyrirspurn ætti því heima hjá útgefanda rekstrarleyfa sem er Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu. Það hefur ekki komið til þess að HER hafi svipt veitingastaði starfsleyfi vegna ítrekaðra brota eða kvartana um hávaða.

### *Hvaða kröfur eru gerðar til hljóðvistar veitingahúsa sem hafa leyfi til skemmtanahalds fram á nót og tónlist?*

Til allra staða er gerð sú krafa að þeir fari eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða þ.m.t. ákvæði um hljóðstig inn á staðnum og jafnframt að þeir valdi ekki ónæði með starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að í spurningu sé sérstaklega átt við skemmtistaði þar sem leikin er hávær

danstónlist en ekki krár með lágstemmdri tónlist. Gerð er sú krafa á skemmtistaði að þeir skili inn hljóðvistarskýrslu fyrir staðinn annað hvort þegar eru að sækja um endurnýjun rekstrarleyfis eða nýtt starfsleyfi. Þar þarf að koma fram að húsnaðið staðarins henti fyrir starfsemina og að hávaði frá staðnum sé innan ákvæða reglugerðarinnar. Byggingafulltrúi fer yfir hljóðvistarskýrslur og gerir athugasemdir ef einhverjar eru.

*Hver er skilgreind ábyrgð veitingahúsaeigenda af ónæði vegna gesta utan við staðinn?*

Forráðamönnum fyrtækja og stofnana er skyldt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspíllandi hávaða og ónæði af völdum hávaða skv. 8 gr. reglugerðar 724/2008 um hávaða.

Ábyrgð veitingahúsa vegna gesta utan staðanna er ekki skilgreind og segjast rekstraraðilar veitingahúsanna ekki geta borið ábyrgð á gestum fyrir utan þar sem að hver sem er getur verið fyrir utan staðinn þ.e. þarf ekki að vera gestur.

Opnunartími staða er ákvarðaður af borgarráði og er ekki hluti af starfsleyfisskilyrðum HER.

Rekstraraðilar sem vilja halda útiviðburð þurfa að sækja um afnotaleyfi á borgarlandi. Í skilmálum þeirra leyfa eru gerðar kröfur meðal annars um umgengni, tímalengd og frágang svæðisins að loknum viðburði. Nokkuð skýr viðurlög eru til staðar ef rekstraraðili veldur tjóni á borgarlandi en engin sérstök viðurlög eru til staðar ef tímalengd eða hávaðamörk eru ekki virt. Almennt er ekki óskað eftir umsögn HER vegna viðburða nema ef um tækifærисleyfi eða tímbundið áfengisleyfi er að ræða og þá óskar sýslumaður eftir umsögn HER.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



The image shows a handwritten signature in blue ink above an oval-shaped blue stamp. The stamp contains the text "HEILBRIGÐISEFTIRLITI" at the top and "REYKJAVÍKUR" at the bottom, with "Óskar Í. Sigurðsson" written across the center. The signature is fluid and appears to be "Óskar Í. Sigurðsson".